

**Fundargerð 355. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 22. ágúst 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Menntamál**
  - a. Staðan varðandi Fagháskólanámið
  - b. Nordic Skills - dómari
- 4. Mál hjá lögmönnum**
  - a. Launaskriðstryggingin
  - b. Uppsögn í veikindum/Sólvangur
  - c. Öryggislistar á LSH
  - d. Slysamál á LSH
- 5. Almanntengill, ímyndarvinna**
- 6. Starfsþróunarsjóður – Hugmyndir okkar**
- 7. Skjalastjórnun**
- 8. Fundur með formanni Hjúkrunarráðs LSH**
- 9. Námskeið á komandi hausti í samningagerð á vegum ríkissáttasemjara/Bifröst**
- 10. Haustblað félagsins – Sjúkraliðinn**
- 11. Dagskrá félagsstjórnar- og trúnaðarmannráðsfundar 26. og 27. september**
- 12. Orlofsmál sumarið 2018**
  - a. Kaup á Jaðarleiti og sala á Safamýri
  - b. Kaup á orlofshúsi í Munaðarnesi
  - c. „Opnunarhátíð“ Holtalandi 7 og 9
  - d. Ferðin í sumar um hálendið
  - e. Spánn og Marokkó vor og haust
  - f. Gangur orlofsmála á liðnum sumri
- 13. Kjarasamningar**
  - a. Uppfærsla stofnanasamninga
    - I. LSH er uppfærður
    - II. HSS er uppfærður
    - III. SAK er uppfærður
    - IV. Ás styrktarfélag uppfærður
    - V. HH í ferli
    - VI. HSU í ferli
    - VII. SFV í vinnslu

- VIII. HSA í erfiðu ferli
- IX. Sólvangur í erfiðu ferli
- X. Reykjalundur í ferli
- XI. MS setrið í ferli

## 14. Rannsóknastofan í Glæsibæ – vangreidd launatengd gjöld vegna félagsmanna

### Önnur mál

- Kveðjuhóf KÁG

### Fundargerð

#### 1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fundar framkvæmdastjórnar að loknu sumarleyfi. SBF kynnti að Birna Ólafsdóttir (BÓ) skrifstofustjóri SLFÍ kæmi á fundinn í upphafi fundar þ.s. menntamál væru rædd.

#### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

#### 3. Staðan varðandi fagháskólanámið/BÓ og menntatengd mál

BÓ fór yfir stöðuna varðandi undirbúning væntanlegs fagháskólanáms sjúkraliða í HA. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri Arnrún Halla, sem fundaði með BÓ og SBF í síðustu viku. Málið er í jákvæðu ferli og verkefnastjórinn mjög áhugasamur og jákvæður fyrir verkefninu og hefur allstaðar mætt jákvæðum viðbrögðum innan kerfisins. Rætt hefur verið við stjórnendur Framvegis um að vera með undirbúnings nám fyrir diplómanámið í HA og hafa þeir tekið vel í það. Einnig var rætt um stöðu eldra framhaldsnámsins og var mikil jákvæðni gagnvart því að það nám verði jafngilt diplómanáminu. Stefnt er að upphafi námsins haustið 2019.

BÓ sagði frá að beiðni hefði borist frá þjálfara sjúkraliðanna sem fóru á Nordic skills um að hún yrði styrkt til dómara starfa á Euro skills. Málið rætt og ákveðið að það yrði ekki gert.

#### 4. Mál hjá lögmönnum

SBF og GÖG fóru yfir að fundað hafi verið með lögmanni og hagfræðingi félagsins þ.s. stefna á ríkinu vegna framkvæmdar á launaskriðsgreiðslunum þ.s. farið var yfir stöðu mála og gagnaöflun og vinnslu. Hagfræðingurinn er í gagnaöflun og útreikningum og mun fljótlega leggja fram nánari gögn varðandi málið. Stefnt er að fyrirlagningu málsins í september fyrir Félagsdóm.

SBF gerði grein fyrir fundi sem hún og GÖG héldu með Gísli Guðna Hall lögmanni þ.s. fari var yfir stöðu mála sem eru í vinnslu. Á fundinum var farið yfir stöðu málsins á Sólvangi og ákveðið að GGH undirbúi stefnu gagnvart ríkinu vegna málsins.

Vinnsla kæru vegna öryggislistar á LSH er langt komin.

Slysamál á LSH er í vinnslu og stefnt að klára drög í þessari viku.

## **5. Alamanntengill**

SBF fór yfir að við hefðum hitt almannatengil og rætt við hann um hvernig megi vinna að því að bæta ímynd stéttarinnar, starfsins og auka jákvæðina gagnvart starfinu eins og mögulegt er. Málið rætt og ákveðið að vinna áfram með málið.

## **6. Starfsþróunarsjóður SLFÍ – hugmyndir varðandi sjóðinn**

GÖG fór yfir erfiðleikana sem verið hafa vegna fullnustu bóknar 8 í síðasta kjarasamningi félagsins við ríkið frá 2015. Greiðslur í sjóði félagsins áttu að hækka umtalsvert frá júní 2016, en mjög erfiðlega hefur gengið að komast að samkomulagi um í hvaða verkefni verja eigi 0,25%. Rætt var um mögulegar leiðir til að þrýsta á að málið verði klárað og ákveðið að undirbúa skiptingu á sjóðnum eftir vinnuveitendum og halda ríkinu sér.

## **7. Skjalastjórnun á skrifstofu SLFÍ**

SBF ræddi hugmyndir um að fá hér inn gott/traust skjalastjórnunarkerfi eftir að farið hefur verið sérstaklega yfir hver þörfin er og hvers þarf að gæta vegna breyttra persónuverndarlaga. Allir sammála um nauðsynlegt sé að hafa þetta klárt.

## **8. Fundur formanns SLFÍ með formanni hjúkrunarráðs á LSH**

SBF gerði í stuttu máli grein fyrir áhuga félagsins á að sjúkraliðar væru formlegir aðilar að hjúkrunarráði LSH og í framhaldi af því óskaði hún eftir fundi með formanni ráðsins. Fundurinn var mjög jákvæður og formaður ráðsins lýsti yfir miklum áhuga varðandi það að sjúkraliði kæmi inn í hjúkrunarráðið. Málið verður skoðað áfram og hugmyndin er að inn í ráðið komi sjúkraliði og hafi þar starfshlutfall.

## **9. Námskeið í haust í samningagerð á vegum ríkissáttasemjara í Bifröst**

Farið var yfir hverjir verði þátttakendur á vegum félagsins, dagsetningar og undirbúning. Námsstefnan fer fram 1. og 2. október. Kjaramálanefnd félagsins mætir ásamt GÖG.

## **10. Haustblað Sjúkraliðans**

Fram kom að efnistösk blaðsins eru í mótun og hefur ritnefnd verið boðuð til undirbúningsfundar fimmtudaginn 23. ágúst þ.s. farið verður yfir og ákveðið um hvað eigi að fjalla í þessu blaði.

## **11. Drög að dagskrá félagsstjórnar 26. september**

Rætt var um helstu atriði sem ræða þarf á fundi félagsstjórnar, en fram kom að meginatriði fundarins verði að mörgu leyti undirbúningur fyrir fund trúnaðarmannaráðs og umræða um áherslur í komandi kjarasamningum.

## **12. Drög að dagskrá Trúnaðarmannaráðs 27. september**

Farið var yfir að búið væri að fá fyrirlesara á fund trúnaðarmannaráðs, sem fjallar um hættur sem tengjast álagi og yfirkeyrslu í starfi o.fl. Annars verða áherslur fundarins undirbúningur varðandi komandi kjarasamninga.

## **13. Orlofsmál, sumarið 2018**

GÖG fór yfir að búið sé að kaupa íbúð að Jaðarleiti 2, sem verður afhent í september. Stefnt er að því að selja Safamýrina í framhaldi. Stjórn orlofssjóðs hefur einnig

ákveðið að bæta við orlofshúsi í Munaðarnesi þ.s. hús bauðst á mjög góðu verði fullbúið húsgögnum.

Rætt var um að stefnt sé að opunarhátíð á Holtalöndunum helgina 12. – 15. okt. Ferð sjúkraliða um hálendi Íslands gekk mjög vel og það sama má segja um vorferðina til Spánar og Marokkó. Orlofsmál gengu einnig að flestu leyti mjög vel þetta orlofssumarið.

#### **14. Kjaramál**

GÖG fór yfir að uppfærsla stofnanasamninga er í fullum gangi á þeim stofnunum sem fengu hlut úr pottinum, sem gildir frá 1. júní 2018. Um er að ræða 6-7 stofnanir, sem gengið hefur misvel að vinna með. Gengið hefur verið frá samningum við LSH, HSS og SAK, en samningar eru í vinnslu hjá HSU, HSA, HH, SFV og Sólvangi, áherslurnar hafa verið í takt við það sem kjaramálanefnd ákvað í samvinnu við Gunnar Gunnarsson hagfræðing.

#### **Önnur mál**

- Farið var yfir hvernig standa á að kveðjuhófi KÁG og hverjir eigi að halda utan um undirbúning og skipulag. Málið rætt og ákveðið að stefna að 16. október. Rætt verður við KÁG og í framhaldi dagskrá skipulögð.

Fundi slitið kl. 18.00